

Nd. 6. Frumvarp til laga [6. mál]

um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

1. og 2. málsliður 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greiða til og með 31. desember 1980 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 18% gjald til og með 11. september 1979 en tímabilið frá og með 12. september 1979 til og með 31. desember 1980 greiðist 24% gjald.

2. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr A-lið 1. gr. laganna:
97.06.01, 97.06.02 og 97.06.09.

3. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr B-lið 1. gr. laganna:
92.01.00, 92.02.00, 92.03.09, 92.04.01, 92.04.09, 92.05.00, 92.06.00, 92.07.01, 92.07.09,
92.08.00, 92.10.00 og 92.12.21.

4. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hið hækkaða vörugjald, sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 12. september 1979 skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 12. september 1979 og af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 12. september 1979.

Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 12. september 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið hækkaða vörugjald, sem gildir frá og með 12. september 1979, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 1. nóvember 1979.

Við tollafgreiðslu á vöru, sem undanþegin hefur verið tolfi að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum, skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Þó skal við samræmingu tolls skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga eigi veita slíka undanþágu hvíli sérstakt vörugjald á vöru þeirri, sem tollur er færður til samræmis við. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal þó í stað hins herra vörugjalds innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið lægra vörugjald. Við tollafgreiðslu á vöru sem tollur hefur verið lækkaður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið herra vörugjald.

5. gr.

Niðurfelling gjaldsins skv. 2. og 3. gr. þessara laga sbr. lög nr. 74/1979 skal miðuð við sölu eða aðra afhendingu frá og með 12. september 1979 ef um innlenda framleiðslu er að ræða en um innfluttar vörur skulu gilda í þessum efnunum ákvæði 3. mgr. 14. gr. l. 120/1976 um tollskrá o. fl.

6. gr.

Óheimilt er vegna hækkunar vörugjalds frá og með 12. september að hækka verð vörubirgða sem vörugjald hafði verið greitt af fyrir þann dag.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál og laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 102/1978.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, visast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð oss að vegna þess, að þing hafi nú verið rofið án þess að kostur væri á að fjalla um bráðabirgðalög nr. 74 10. september 1979 um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald er biðu staðfestingar Alþingis og falli því úr gildi við þingrofið beri brýna nauðsyn til að setja að nýju bráðabirgðalög sama efnis sem geti komið til staðfestingar á Alþingi þegar það kemur saman.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. og 2. málslíður 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í rikissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greiða til og með 31. desember 1980 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 18% gjald til og með 11. september 1979 en tímabilið frá og með 12. september 1979 til og með 31. desember 1980 greiðist 24% gjald.

2. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr A-lið 1. gr. laganna:
97.06.01, 97.06.02 og 97.06.09.

3. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr B-lið 1. gr. laganna:
92.01.00, 92.02.00, 92.03.09, 92.04.01, 92.04.09, 92.05.00, 92.06.00, 92.07.01, 92.07.09, 92.08.00, 92.10.00 og 92.12.21.

4. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hið hækkaða vörugjald, sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 12. september 1979 skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 12. september 1979 og af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 12. september 1979.

Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 12. september 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið hækkaða vörugjald, sem gildir frá og með 12. september 1979, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 1. nóvember 1979.

Við tollafgreiðslu á vöru, sem undanþegin hefur verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum, skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Þó skal við samræmingu tolls skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga eigi veita slíka undanþágu hvíli sérstakt vörugjald á vöru þeirri, sem tollur er færður til samræmis við. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal þó í stað hins herra vörugjalds innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið lægra vörugjald. Við tollafgreiðslu á vöru sem tollur hefur verið lækkaður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið herra vörugjald.

5. gr.

Niðurfelling gjaldsins skv. 2. og 3. gr. þessara laga sbr. lög nr. 74/1979 skal miðuð við sölu eða aðra afhendingu frá og með 12. september 1979 ef um innlenda framleiðslu er að ræða en um innfluttar vörur skulu gilda í þessum efnunum ákvæði 3. mgr. 14. gr. l. 120/1976 um tollskrá o. fl.

6. gr.

Óheimilt er vegna hækkunar vörugjalds frá og með 12. september að hækka verð vörubirgða sem vörugjald hafði verið greitt af fyrir þann dag.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál og laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 102/1978.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. október 1979.

Benedikt Gröndal.

Oddur Ólafsson.
(L. S.)

Ármann Snævarr.

Sighvatur Björgvinsson.